

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hveragerðisbæ.

*Breyting á deiliskipulagi Árhólma í Ölfusárdal.*

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti 10. mars 2022 deiliskipulagsbreytingu Árhólmasvæðis. Breytingin felst í nýju 0,9 ha ferðamanna- og afþreyingarsvæði AF2 við Hengladalaá, stækkun á verslunar- og þjónustusvæði VP1 á Árhólmasvæðinu um 0,5 ha til norðurs og nýjar gönguleiðir í nágrenni Hengladalaár. Með breytingunni verður heimilt að reisa svifbraut (Zip-line) ásamt útsýnis- og upphafspalli og landingarpalli og leggja nýja göngustíga.

Deiliskipulagsbreytingin hlaut meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi miðsvæðis Austurmarkar, Sunnumarkar og Mánamarkar.*

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti 13. apríl 2022 deiliskipulagsbreytingu á Tívolíreit vegna lóðanna Sunnumörk 3 og Austurmörk 24. Breytingin felst í tilfærslu lóðamarka og tilfærslu heimildar til íbúðarbyggðar á milli lóðanna. Hlutföll og stærðir breytast lítillega í skilmálatöflu í samræmi við lóðastærðir.

Deiliskipulagsbreytingin hlaut meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt samþykkti bæjarstjórn að falla frá grenndarkynningu deiliskipulagsbreytingarinnar skv. heimild í 3. mgr. 43. gr. sömu laga. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Hveragerði, 3. maí 2022.*

**Hildur Gunnarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 4. maí 2022